

1 Upplýsingaöryggisstefna

1.1 Markmið

Markmið með upplýsingaöryggisstefnu VS Tölvubjónustu er að tryggja samfellda veitingu þjónustu til viðskiptavina og að vernda upplýsingaverðmæti fyrirtækisins með sem skilvirkustum hætti þannig að þau nýtist sem best við veitingu þjónustu til viðskiptavina og í rekstri félagsins.


1. VS Tölvubjónusta skuldbindur sig til að hámarka öryggi upplýsinga í vörslu fyrirtækisins m.t.t. leyndar, réttlæika og tiltækileika. Stjórnun upplýsingaöryggis er hluti af gæðakerfi félagsins.
2. VS Tölvubjónusta fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum um stjórnun upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana sem standa vörð um leynd, réttlæika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
3. Upplýsingaöryggisstefna fyrirtækisins ehf er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til þeirra sem veita fyrirtækinu þjónustu.
4. Allir starfsmenn, verktakar og þjónustuaðilar eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
5. VS Tölvubjónusta stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
6. VS Tölvubjónusta ehf framkvæmir reglulega áhættugreiningu til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf og að áætlanir um veitingu samfelldrar þjónustu til viðskiptavina sé innan þjónustuviðmiða.
7. Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál fyrirtækisins, viðskiptamanna þess eða annarra starfsmanna.
8. VS Tölvubjónusta setur sér markmið um að starfrækja virkt stjórnunarkerfi og stuðlar að stöðugum umbótum á stjórnunarkerfinu.

1.2 Umfang

„Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi hjá VS Tölvubjónustu nær til allra starfsmanna fyrirtækisins, innri starfsemi félagsins þjónustu sem fyrirtækið veitir viðskiptavinum. Stjórnunarkerfið nær einnig til reksturs hýsingarþjónustu að Esjubraut 49 og til búnaðs í aðstöðu Kerfissal Mílu Kirkjubraut 37 ásamt allra kerfa, hug- og vélbúnaðar sem er í eigu VS Tölvubjónustu.“

VS Tölvubjónusta endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

Akranes, 26. mars 2015.
VS Tölvubjónusta ehf.



Sigurbjörg Þorgilsson
Framkvæmdastjóri